STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 2004

24. febrúar 2004 603 Nr. 199

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalabyggð og hreinsun rotþróa í Dalabyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 198/2004 um fráveitur í Dalabyggð.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús kr. 35.000 á hvert hús.

Fyrir fjölbýlishús kr. 11.750 á hverja íbúð.

Fyrir annað húsnæði kr. 50 á hvern m^3 í húsnæðinu að 4000 m^3

12 kr. á hvern m^3 >4000 m^3

Ef um tvöfalt frárennsliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,15% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi fyrir hverja losun fyrir sig:

Stærð í m^3	Rotþróargjald í kr.
Rotþró 0-2000	9.500
Rotþró 2.000-3.000	11.200
Rotþró 3.000-4.000	13.700
Rotþró 4.000-6.000	15.300
Rotþró 6.000-8.000	17.600
Rotþró 8.000-10.000	21.200
Rotþró > 10.000	2.400 kr. per umfram rúmmetra.

Gutenberg

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.
Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 1.750.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi strax við birtingu hennar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Búðardal, 24. febrúar 2004.

Haraldur L. Haraldsson sveitarstjóri.

Nr. 200 1. mars 2004

AUGLÝSING

um útgáfu á Skoðunarhandbók skipa og báta.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest og gefið út *Skoðunarhandbók skipa og báta* sem greinir nánar frá framkvæmd skoðunar á skipum og bátum og búnaði þeirra, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um skoðanir á skipum og búnaði þeirra, nr. 1017/2003.

Ráðuneytið hefur falið Siglingastofnun Íslands að annast fjölföldun handbókarinnar, dreifingu hennar til faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar sem starfsleyfi hafa skv. reglugerð um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, nr. 94/2004 og annarra sem málið varðar.

Siglingastofnun Íslands annast nauðsynlega endurskoðun handbókarinnar og dreifingu nýrra blaða í handbókina til faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar og annarra sem málið varðar.

Samgönguráðuneytinu, 1. mars 2004.

F. h. r.
Ragnhildur Hjaltadóttir.

Sigurbergur Björnsson.